

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

*Deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis í Emstru-Botnum, Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings eystra á fundi sínum 7. október 2010, deiliskipulag skálasvæðis við Emstru-Botna í Rangárþingi eystra. Deiliskipulagssvæðið er um 1,3 ha að stærð og nær til núverandi bygginga og tjaldsvæðis. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að gistiskálar geti verið 3 og að skálavarðarhús og salernishús geti stækkað til að anna þeim ferðamannafjölda sem leið á um svæðið. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hrafninnusker, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis í Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. september 2010, deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker, Rangárþingi ytra. Deiliskipulag þetta nær til 1 ha svæðis við Hrafninnusker sem er í 1.140 m hæð yfir sjó. Afmarkaðir eru byggingarreitir fyrir skála og skálavarðarhús og að auki gert ráð fyrir stækkun núverandi skála. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvanngil, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis í Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 30. ágúst 2010, deiliskipulag skálasvæðis við Hvanngil í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til tveggja svæða og er samanlögð stærð þeirra er um 2 ha. Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru lóðir og byggingarreitir fyrir gistiskála, skálavarðarhús og salernishús, sem þegar eru byggð, ásamt afmörkun fyrir tjaldstæði o.fl. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kvíarholt II, deiliskipulag frístundahúss og skemmu í Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 11. febrúar 2010, deiliskipulag í Kvíarholti II, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til um 4 ha spildu í Kvíarholti II, landnr. 198169, sem er í heild rúmí 20 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir skemmu en eitt frístundahús er fyrir á spildunni. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Landmannahellir, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis í Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 8. apríl 2010, deiliskipulag skálasvæðis við Landmannahelli, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til tæplega 20 ha svæðis á Landmannaafrétti, vestan Landmannahellis. Nú þegar eru 14 hús á svæðinu sem nýtt eru til ferðapjónustu og fjallskila. Deiliskipulagið nær til þeirra mannvirkja sem fyrir eru, auk þess sem stefnt er að því að bæta aðstöðu á svæðinu, m.a. með byggingu smáhýsa, byggingu hesthúss og uppsetningu flökunaraðstöðu fyrir veiðimenn. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir Heiðarlæk, Heiði, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 7. maí 2009, deiliskipulag í Heiðarlæk, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til um 28 ha svæðis úr 200 ha spildu (landnr. 215876) úr landi Heiðar, í Rangárþingi ytra. Deili-

skipulagið tekur til íbúðarhúss og gestahúss, auk vélaskemmu, reiðskemmu og hesthúss, smávirkjunar, stíflu og stöðvarhúss og skemmu. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Hótels Rangár í Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 11. mars 2010, deiliskipulag fyrir Hótel Rangá auk svæðis fyrir starfsmannahús. Deiliskipulagið nær til um 20 ha spildu úr landi Hótels Rangár, en land hótelsins (landnr. 187218) er í heild um 35 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir stækkun hótelsins og byggingarreits fyrir starfsmannahús á austurhluta landsins. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

<i>Hvolsvelli, 9. desember 2010.</i>
F.h. Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,
<b>Rúnar Guðmundsson,</b> skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.